

Aðalfundur hverfisnefndar Oddeyrar 2014

6. mars kl. 20.00

Fundarstjóri: Erlendur Steinar Friðriksson
Fundarritari: Hjalti Jóhannesson

1. Skýrsla stjórnar.

Erlendur Steinar flutti skýrslu stjórnar. Fram kom m.a. að starf nefndarinnar hefur verið í ákveðinni lægð undanfarin ár og ekki haldinn aðalfundur síðan 2008. Í stjórn eru hann sem formaður ásamt Jóni Einari Jóhannssyni og Hjalta Jóhannessyni. Þrjár konur sem voru með þeim í nefndinni fluttu burt úr hverfinu. Ýmis mál hafa verið rædd við bæinn s.s. snjósmokstur, umferðarmál og fleira. Tekið var þátt í skipulagsvinnu vegna hugmynda um nýtt hverfi á Oddeyrartanga ásamt umferðarmálum og fleiru í hverfinu sem fyrir er.

Umræður: Spurt var um fundargerðir, hvort þær væru sendar bænum og er það raunin. Rætt um hættulegt horn Eyrarvegur og Norðurgötu.

2. Stjórnarkjör.

Eftirfarandi voru kjörin í stjórn:

Arnar Bliki Hallmundsson

Ingimar Tryggvason

Jón Einar Jóhannesson

Jón Ingi Caesarsson

Perla Fanndal

Til vara:

Hjalti Jóhannesson

Kristín Elva Magnúsdóttir

Þá var ákveðið að bjóða áhugasömum til að fá pósta um nefndarfundi til að mæta á fundina og taka virkan þátt í starfinu. Eftirfarandi vildu fá að taka þátt á þeim forsendum:

Arnar Ólafsson

Erlendur Steinar Friðriksson

3. Kynning um gömul hús.

Arnór Bliki sagði frá efni sem hann hefur tekið saman um hús á Oddeyri og sýndi myndir sem hann raðaði í tímaröð allt frá elstu húsum fram til ca. 1960. Mikil ánægja var meðal fundarmanna með þetta framtak Arnórs og er hann með efnið á síðunni www.arnorbl@blog.is sem hann heldur úti.

4. Verklagsreglur vegna umhverfisátaks.

Jón Birgir Gunnlaugsson frá Akureyrarbæ sagði frá umhverfisátaki bæjarins og verklagsreglum við úthlutum 2ja mkr. til hverrar hverfisnefndar á ári. Alls er gert ráð fyrir að veita 94,5 mkr. til átaksins í heild fyrir bæinn á þessu ári en átakið stendur í 5 ár og gert ráð fyrir að verja í það um 500 mkr.

5. Tillögur hverfisnefndar um nýtingu 2ja mkr. framlags ársins.
Fundarmenn voru sammála um að rétt sé að beina fénu í lagfæringar á Eiðsvelli s.s. að laga stígana og rétta af kantsteina, einnig gera svæðið öruggara fyrir börn með að gera girðingu og/eða limgerði við vesturhlið þess að Glerárgötu. Einnig fá 2-3 garðborð með áföstum bekkjum á völinn.

6. Önnur mál.
Engin mál komu fram.

Fundarstjóri þakkaði góðan fund og sleit fundi kl. 22.15.